

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 1221, 23. desember 2008, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi til djúpsjárveiða með botnfiskveiðarfærum er heimilt til 31. ágúst 2012, að veiða eftirfarandi fisktegundir, að hámarki, miðað við óslægðan fisk, sem hér segir:

1. Blálöngu	37.668 kg
2. Grálúðu	33.881 kg
3. Keilu	23.320 kg

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum og lögum nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 326, 29. mars 2011.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. apríl 2012.

F. h. r.

Hrefna Karlsdóttir.

Arnór Snæbjörnsson.